




NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

Náttúrustofa Suðurlands



Ársskýrsla 2007

Texti: Ingvar Atli Sigurðsson, Yann Kolbeinsson og Erpur Snær Hansen.

Ljósmyndir: Ingvar Atli Sigurðsson, nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd: Horft yfir á Há í gegnum helli í Stóra Erni. Ljósmynd: Yann Kolbeinsson.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	4
Hlutverk.....	4
Stjórn.....	4
Starfmenn.....	5
Verkefni.....	6
Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar.....	6
Borholuverkefni.....	6
Glerinnlyksur í ólivín- og spínilkristöllum.....	7
Magn endurunninnar úthafskorpu í bergbráð.....	7
Jökulhörfun og veðrun bergs í Larsemann Hills á Suðurskautslandinu.....	8
Segulmælingar á bergi.....	8
Berghlaup í Morsárdal.....	9
Búsvæðaval og varphættir þórshana og óðinshana.....	9
Sæsvölumerkingar.....	10
Farhættir skrofa.....	11
Kyngreiningar á sæsvölum.....	12
Stofngerð auðnutittlinga.....	12
Rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum.....	12
Súla.....	13
Fjöldi bjargfugla í Vestmannaeyjum.....	14
Flækingsfuglar á Heimaey 2003-2005.....	14
Náttúruverndaráætlun.....	15
Göngukort.....	15
Ráðstefna um lundastofninn í Vestmannaeyjum.....	15
Heimasíða: www.nattsud.is	15
Gestafyrirlesarar.....	16
Styrkir.....	16
Greinar.....	16
Ýmis erindi og veggspjöld.....	17
Skýrslur.....	18
Prófitgerðir sem Náttúrustofan styrkti.....	18



Skrofa (*Puffinus puffinus*). Ljósmynd: Yann Kolbeinsson.

Inngangur.

Náttúrustofa Suðurlands var stofnuð í nóvember 1996 og var síðasta ár því ellefta heila starfsárið. Stofan hefur allan þennan tíma verið til húsa í Rannsókn- og fræðasetri Vestmannaeyja að Strandvegi 50 í Vestmannaeyjabæ. Þar eru einnig útibú Háskóla Íslands, útibú Hafrannsóknastofnunarinnar, útibú frá Mátis, Rannsókn-þjónusta Vestmannaeyja, Viska (Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja), Svæðisvinnumiðlun Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, útibú Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og Samfrost. Rannsókn- og fræðasetrið hefur aðra og þriðju hæð hússins til umráða en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er á fyrstu hæð.

Í þessari skýrslu er fjallað um starfsemi stofunnar árin 2006 og 2007.

Hlutverk.

Náttúrustofa Suðurlands starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (lög nr. 60/1992 með síðari breytingum) og reglugerð um Náttúrustofu Suðurlands (reglugerð 643/1995). Frá stofnun hefur Vestmannaeyjabær verið eina sveitarfélagið sem kemur að rekstri stofunnar og var núverandi samningur um reksturinn undirritaður í desember árið 2002 og gildir hann til ársloka 2007.

Helstu hlutverk Náttúrustofu Suðurlands eru samkvæmt lögum:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Stjórn.

Í stjórn Náttúrustofunnar eru þrír menn og þrír til vara. Skipt var um stjórn eftir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2006. Eygló Harðardóttir formaður, Margrét Lilja Magnúsdóttir varaformaður og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir ritari gengu allar úr stjórninni og þakka forstöðumaður og starfsmenn Náttúrustofunnar þeim fyrir samstarfið síðustu ár. Nýja stjórnin er þannig skipuð að Ólafur Lárusson er formaður, Kristján Egilsson er varaformaður og Steinunn Jónatansdóttir er ritari. Varamenn eru Arnar Sigurmundsson, Sigurhanna Friðþórsdóttir og Örn Hilmisson. Árið 2006 voru haldnir 7 stjórnarfundir en fjórir árið 2007. Helstu mál sem stjórnin fjallaði um voru fjárhagsáætlun, ársreikningar, verkefni og starfsmannamál.

Starfmenn.

Dr. Ingvar Atli Sigurðsson, jarðfræðingur hefur verið forstöðumaður frá því í september 2002. Helstu verkefni hans eru daglegur rekstur, fjármálastjórn og jarðfræðirannsóknir.

Dr. Erpur Snær Hansen, líffræðingur var ráðinn sviðstjóri vistfræðirannsókna í júní 2007. Hans helsta viðfangsefni er lundinn við Vestmannaeyjar.

Yann Kolbeinsson, líffræðingur var ráðinn í 75% starf til eins árs frá 1. júní 2005 og var samningur hans framlengdur út árið 2007. Hans helsta verkefni var rannsóknir á þórshana á Suðurlandi en einnig vann hann við rannsóknir á skrofu og merkingar á svölum svo eitthvað sé nefnt.

Dr. Fiona Manson, líffræðingur lét af störfum í febrúar 2006 en þá hafði hún unnið við rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum í átta mánuði.

Rannveig Magnúsdóttir, líffræðingur var sumarstarfsmaður 2006. Hennar helsta verkefni var rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum í samstarfi við útibú Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum. Einnig aðstoðaði hún við önnur verkefni.

Dóra Guðrún Þórarinsdóttir, nemi vann að verkefni styrktu af Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2006.

Dr. Anna Maria Maul, líffræðingur vann sem sjálfbóðaliði í sex vikur sumarið 2006. Hún aðstoðaði við lunda- og skrofuverkefni.

Margrét Hjálmarsdóttir er ritari fyrir Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja og greiðir Náttúrustofan hluta launakostnaðar hennar.

Loks hefur Náttúrustofan haft aðgang að nemum sem bærinn útvegar Rannsókn- og fræðasetrinu yfir sumartímam. Hafa þeir m.a. aðstoðað við sýnasöfnun og séð um Avon slöngubát sem Náttúrustofan á 50% hlut í á móti útibúi Háskólans.



Dr. Ian Norman, Dr. Fiona Manson, Freyðís Vigfúsdóttir og Yann Kolbeinsson í Hellisey, ágúst 2006.

Verkefni.

Hér á eftir er fjallað um helstu verkefni Náttúrustofu Suðurlands árin 2006 og 2007.

Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar.

Haldið var áfram að safna bergsýnum í Vestmannaeyjum. Samhliða var unnið við jarðfræðikort af Heimaey. Þetta verkefni er unnið í samstarfi við Svein P. Jakobsson á Náttúrufræðistofnun Íslands en þar á bæ liggur mikið magn birtra og óbirtra gagna sem mun nýtast í þetta verkefni. Búið er að safna um 200 bergsýnum og hafa 63 þeirra verið efnagreind í Kaupmannahöfn. Einnig hafa verið efnagreind 20 eldri sýni úr Surtseyjar- og Eldfellsgosunum og fjögur sýni úr Skiphellaborholunni. Fjögur bergsýni hafa verið aldursgreind í samstarfi við Dr. Robert A. Duncan hjá Oregon State University og sýna þau að Norðurklettur Heimaeyjar eru um 40.000 ára gamlir. Áætlað er að aldursgreina 3 sýni til viðbótar árið 2008. Þrjú sýni úr meintum jarðvegi úr sniði ofan við Skarfatanga voru send í efnagreiningu á Keldum þar sem mælt var magn köfnunarefnis (N) og kolefnis (C). Þetta var gert þar sem því hefur verið haldið fram að í þessu sniði væri mikið af lífrænum leifum og því væri ljóst að talsverður tími hefði liðið á milli gosanna í Sæfjalli og í Helgafelli. Engar lífrænar leifar voru í þessum sýnum og því bendir allt til þess að gosið í Helgafelli hafi komið í beinu framhaldi af gosinu í Sæfjalli.



Dr. Sveinn P. Jakobsson á leið upp Dalfjallshrygg.

Borholuverkefni.

Sumarið 2005 boraði Hitaveita Suðurnesja 2.277 metra djúpa holu suðaustur af Helgafelli. Samið var við tvo nemendur við Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands um að rannsaka afmarkaða hluta holunnar sem BS verkefni við Háskóla Íslands. Fólust verkefnið í því að efnagreina borholusvarf með örgreini Jarðvísindastofnunar. Vinna við þessi verkefni hófst um áramótin 2005-2006 og lauk þeim með prófritgerðum í júní 2006 (Sigurveig Árnadóttir 2006 og Steinþór Níelsson 2006).

Í samstarfi við Dr. Svein P. Jakobsson á Náttúrufræðistofnun Íslands og Dr. Hjalta Franzson hjá Íslenskum Orkurannsóknnum var sótt um styrk til Rannís til frekari rannsókna á svarfinu næstu tvö árin en þrátt fyrir ágæta umsögn var verkefnið ekki styrkt. Sótt var um að nýju til Rannís vegna þessa verkefnis á árinu 2006 og var Dr. Jón Eiríksson setlagafraeðingur kominn inn sem einn aðalumsækjanda. Umsóknin

fékk aftur mjög góða umsögn en ekki fékkst styrkur til rannsókna. Ekki var sótt um styrk fyrir árið 2008 en áætlað er að sækja um fyrir árið 2009.

Glerinnlyksur í ólivín- og spínilkristöllum.

Í ágúst 2006 fór Ingvar til Australian National University (ANU) í Canberra og greindi snefilefni í glerinnlyksum með LA-ICPMS – tæki. Þessar greiningar tókust mjög vel. Einnig var reynt að greina snefilefni í náttúrulega berggleri frá Heimaey en þær greiningar gengu ekki eins vel vegna mikillar þykktar sýnanna og smágerðra kristalla í glerinu. Mikil þykkt sýnanna gerir þau ógagnsæ og því var illmögulegt að sjá hvort um var að ræða ferskt gler eða gler og kristalla. Þar af leiðandi var mikill breytileiki í greiningum á sama sýni eftir því hvort og þá hvaða kristallar voru til staðar. Áætlað er að endurtaka þessar greiningar en þá á þynnri sýnum síðla árs 2008 og greina þá líka valin sýni úr Skiphellaborholunni.

Magn endurunninnar úthafskorpu í bergbráð.

Ingvar hefur frá árinu 2003 tekið þátt í rannsóknum á magni endurunninnar úthafsskorpu í frumstæðri bergbráð. Það er Dr. Alex Sobolev frá Max-Planck-Institute of Chemistry í Mainz, Þýskalandi sem stjórnar rannsóknunum og voru niðurstöðurnar birtar í vísindatímaritinu Science í byrjun árs 2007. Fyrirhugað er að halda þessu verkefni áfram árið 2008 og safna þá eldra bergi bæði á Vestur- og Austurlandi.



Dr. Alex Sobolev og Dr. Dimitry Kuzmin við Kistufell sumarið 2003.

Jökulhörfun og veðrun bergs í Larsemann Hills á Suðurskautslandinu.

Árið 2007 hófust á ný rannsóknir á veðrunarsteindum sem Ingvar safnaði í Larsemann Hills á Suðurskautslandinu árin 1995 og 1996. Þessar rannsóknir eru í samstarfi við ástralska vísindamenn og verður reynt að fá niðurstöðurnar birtar á árinu 2008.



Dr. Jim Burgess og Ingvar við Law Base rannsóknastöðina í Larsemann Hills á Suðurskautslandinu. Janúar 1996.

Segulmælingar á bergi.

Aldursgreiningar á bergsýnum frá Heimaey sýna að Norðurklettar Heimaeyjar eru um 40.000 ára gamlir. Skekkjumörk eru nokkur og þar sem segulfrávik er þekkt frá því fyrir um 46.000 árum var haft samband við Dr. Leó Kristjánsson á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og kannað hvort hann hefði áhuga á að segulmæla á Heimaey. Leó kom svo í september 2007 og tók kjarna úr öllum helstu bergmyndunum á Heimaey. Fyrstu niðurstöður úrvinnslu mælinganna sýna ekkert óvenjulegt í segulviðinu við myndun Norðurklettana.



Dr. Leó Kristjánsson í Heimakletti í september 2007.

Berghlaup í Morsárdal.

Ingvar fór sumarið 2007 ásamt sérfræðingum frá Náttúrustofu Norðurlands vestra og Veðurstofu Íslands og skoðaði ummerki berghlaups sem féll á Morsárjökul í mars eða apríl 2007.



Starfsmenn Náttúrustofu Norðurlands vestra við mælingar á berghlaupinu í Morsárdal.

Búsvæðaval og varphættir þórshana og óðinshana.

Þetta er meistaranámsverkefni Yanns Kolbeinssonar við Líffræðiskor Háskóla Íslands. Unnið var að gagnaöflun sumrin 2004-2006 á suðausturlandi. Sumarið 2006 voru tuttugu fuglar litmerktir auk þess sem tíu þeirra voru merktir með radió-sendum og var þeim fylgt eftir út varptímann. Fylgst var með klakarángri beggja tegunda auk þess sem báðar tegundir voru taldar nokkrum sinnum yfir sumarið. Sumarið 2007 var farin ein ferð um rannsóknarsvæðin og fjöldi þórshana metinn, auk þess sem litið var eftir þórshönum sem litmerktir voru sumrin 2005 og 2006. Sáust að þessu sinni u.þ.b. 210 þórshana á þremur svæðum sem er ekki ósvipað fjöldanum 2005-6.



Þórshani (*Phalaropus fulicarius*). Ljósmynd: Yann Kolbeinsson.

Sex þeirra höfðu verið litmerktir sumarið 2006. Úrvinnsla og skrif standa yfir og mun verkefninu ljúka árið 2008.

Sæsvölumerkingar.

Sumrin 2006-7 stóð Náttúrustofan fyrir sæsvölumerkingum í nokkrum úteyjum Vestmannaeyja. Sumarið 2006 áttu merkingar sér stað 6. júní og aftur á tímabilinu 2. ágúst – 2. september. Farið var í Elliðaey, Hellisey, Brand og Stórhöfða og naut stofan aðstoðar tæplega 15 manns við merkingar í Elliðaey dagana 18.-20. ágúst. Alls voru 1046 sjósvölur *Oceanodroma leucorhoa* og 457 stormsvölur *Hydrobates pelagicus* merktar það árið. Margar svölur endurheimtust frá fyrri árum og var íslenska aldursmet stormsvölnnar slegið (svo vitað sé). Hafði hún verið merkt í Elliðaey 24. ágúst 1986 og náðist á sama stað 19. ágúst 2006. Norsk-merkt stormsvala sem endurheimtist í Elliðaey í ágúst 2005 náðist aftur í ágúst 2006. Sú var merkt 15. ágúst 1996 í Hernyken, Röst, Nordland, Noregi.


Sumarið 2007 áttu merkingar sér stað 29.-30. júní og aftur á tímabilinu 27. júlí – 19. ágúst. Farið var í Elliðaey, Hellisey, Bjarnarey, Brand og Stórhöfða og naut stofan aðstoðar rúmlega 25 manns við merkingar í Elliðaey dagana 17.-18. ágúst. Alls voru 1913 sjósvölur *Oceanodroma leucorhoa* og 679 stormsvölur *Hydrobates pelagicus* merktar þetta árið. Margar svölur endurheimtust frá fyrri árum og var íslenska aldursmet sjósvölnnar slegið (svo vitað sé). Sjósvala sem merkt hafði verið í Suðurey 11. ágúst 1989 náðist í Bjarnarey 28. júlí 2007. Að þessu sinni endurheimtust fimm erlend-merktar stormsvölur í ágúst (allar í stóra Elliðaeyjarleiðangrinum). Ein hafði verið merkt í Portúgal 17. júní 2007, önnur í Færeyjum 14. ágúst 2006 og þrjár á Bretlandseyjum (7. júlí 1996, 20. ágúst 2005 og 27. júlí 2007).



Ólafur A. Torfason og Guðmundur A. Guðmundsson við merkingar á svölum í Elliðaey 2007. Ljósmynd: Jóhann Óli Hilmarsson.

Farhættir skrofa.

Dr. Jacob González-Solís frá Universitat de Barcelona hóf rannsóknir á íslenskum skrofum í Ystakletti í lok maí 2006. Rannsóknirnar lúta að farhættum tegundarinnar og er unnið í samstarfi við Náttúrustofuna. Ekki voru til nákvæmar upplýsingar um hvar farleiðirnar liggja né hvar vetrarstöðvarnar eru í Atlantshafi en með nýrri tækni er hægt að afla þessara upplýsinga á tiltölulega ódýran og aðgengilegan máta. Notast er við „gagnarita” (e. *Geolocator*) sem m.a. skrá birtu en þessi tæki voru fest á 20 skrofur vorið 2006. Starfsmenn Náttúrustofunnar unnu svo að því vorið og sumarið 2007 að endurheimta merkta fugla. Alls náðust 10 tæki og voru ný tæki sett á sömu fugla. Gögnin sem fengust voru send til Spánar



Ferlar sem sýna farhætti skrofa 2006-7.

þar sem unnið var úr þeim og niðurstöður kynntar af JGS á sjófuglaráðstefnu í Barcelona haustið 2007. Nýju merkin þarf svo að endurheimta vorið 2008 en þá er einnig vonast til að einhver af eldri merkjunum náist og er þá m.a. hægt að sjá hvort fuglarnir nýti sömu vetrarstöðvar milli ára.



Gagnariti á skrofu 2007. Ljósmynd: Yann Kolbeinsson.

Kyngreiningar á sæsvölum

Samhliða sæsvölumerkingum sumarið 2006 var fjöðrum safnað af bæði sjósvölum og stormsvölum auk þess sem ýmsar mælingar voru gerðar á fuglunum. Þetta var gert til að kanna hvort hægt væri að kyngreina sæsvölur út frá mælingum einum saman en fuglarnir eru kyngreindir út frá fjöðrunum. Jame Resano, spænskur skiptinemi í Háskóla Íslands, kyngreindi sjósvölusýnin á vormánuðum 2007 og voru niðurstöðurnar kynntar á sjófuglaráðstefnu í Barcelona haustið 2007. Verkefni þetta er unnið í samstarfi við Náttúrustofu Reykjaness og Líffræðistofnun Háskólans.



Sjósvala (*Oceanodroma leucorhoa*). Ljósmynd: Yann Kolbeinsson.

Stofngerð auðnutittlinga

Í byrjun árs 2007 hófust athuganir á auðnutittlingum þar sem fuglar eru veiddir í mistnet, mældir í bak og fyrir og ýmsum útlitseinkennum lýst. Stefnt er að því að lýsa breytileika íslenskra auðnutittlinga og skyldleika þeirra við aðra stofna í nágrennalöndunum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Náttúrustofu Reykjaness og Líffræðistofnun Háskólans.

Rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum.

Stærsta lundavarpstöð heimsins er í Vestmannaeyjum en þar verpur um 20% heimsstofnsins eða um 1.150.000 pör. Lundur er mest veiddur fugla á Íslandi eða um 100.000 fuglar í Vestmannaeyjum árlega. Léleg nýliðun hefur orðið hjá lunda í Vestmannaeyjum þrjú síðastliðin ár sem talið er orsakast af mikilli minnkun á marsílastofninum. Markmið þessara rannsókna er að: (1) Lýsa stofngerð og breytingu á stærð sílastofnsins sem er mikilvæg fæðuuppspretta sjófugla, hvala og nytjafiska hérlendis. (2) Meta gagnkvæm áhrif síla- og lundastofnanna á stærð hvors annars. (3)

Kanna áhrif veiða á viðkomu lunda og veita ráðgjöf. (4) Kanna áhrif veðurfars á stærð síla og lundastofnanna. Samband stofnstærðar sílastofnsins og nýliðunar lunda verður mælt beint: Stofnstærð, dánarlíkur, nýliðun og grunnforsendur í úrvinnslu eldri merkingagagna er metið með “merkinga-endurveiði” rannsókn. Samhliða er fyrirhuguð úrvinnsla tveggja langtíma gagnaraða: (1) Sundurliðaðra árlegra veiðitalna frá Vestmannaeyjum 1967-2007. Í þessum gögnum liggja upplýsingar um breytingar á stofnstærð marsílis, nýliðun og veiðisókn í lunda. (2) Lundamerkingar í Vestmannaeyjum 1953-2007 sem telja yfir 60.000 merкта fugla og 12.000 endurheimtur. Þessi gögn veita upplýsingar um árlega og aldursbundna dánartölu. Líklegt þykir að samlegðaráhrif þessara gagnasafna veiti: verulega innsýn í eðli stofnstærðarbreytinga lunda og sandsílis; þ.m.t. áhrifa veðurs og veiða á stofnstærð lunda. Rannveig Magnúsdóttir vann við rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum sumarið 2006 og sumarið 2007 var Dr. Erpur Snær Hansen ráðinn til þess að stýra þessum rannsóknum. Rannsóknirnar eru í samstarfi við Hafrannsóknarstofnunina, Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og fleiri aðila.



Lundi (*Fratercula arctica*).

Súla.

Freydís Vigfúsdóttir líffræðingur rannsakaði fæðu og atferli súlu á varptíma sumarið 2004. Hún hefur síðan þá farið árlega í súlubyggðina í Hellisey og notið aðstoðar Náttúrustofunnar. Sumarið 2006 var farið í Hellisey 1.-2. ágúst og sumarið 2007 var farið 29-30. júní. Safnaði Freydís ælum auk þess sem nokkrir fuglar voru veiddir í snöru, þeir merktir og sleppt aftur.



Súla (*Morus bassanus*).

Fjöldi bjargfugla í Vestmannaeyjum.

Sumarið 2006 hófst talning íslenskra bjargfuglastofna en að henni standa Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnunin. Verkefnið, sem stendur yfir í þrjú ár, felur í sér að teknar eru loftmyndir af öllum fuglabjörgum umhverfis landið. Tvenns konar talningar fara fram, annars vegar á jörðu niðri þar sem tekin eru tegundahlutföll og hins vegar eru allir fuglar taldir af loftmyndunum. Náttúrustofa Suðurlands kom að verkefninu árið 2007 og tók að sér að telja fugla á myndum sem teknar voru í Vestmannaeyjum sumarið 2006.



Elliðaey; Bjarnarey og Heimaey í baksýn.

Flækingsfuglar á Heimaey 2003-2005.

Tekið hefur verið saman hvaða flækingsfuglar sáust á Heimaey á árunum 2003-2005 og er fjallað nánar um það á heimasíðu Náttúrustofunnar:

(<http://www.nattsud.is/Flækningar%20a%20Heimaey%202003-2005.htm>).

Náttúruverndaráætlun.

Náttúrustofan kom að undirbúningi Náttúruverndaráætlunar með starfsmönnum Umhverfisstofnunar en lagt er til að fuglabjörg Vestmannaeyja verði vernduð sem búsvæði sjófugla. Undirbúningur að formlegri friðlýsingu hefur staðið undanfarin ár og tekur Náttúrustofan þátt í þeirri vinnu með Umhverfisstofnun ásamt útibúi H.Í. í Vestmannaeyjum og Umhverfis- og framkvæmdasviði Vestmannaeyjabæjar.

Göngukort.

Náttúrustofan kom ásamt fleirum að gerð göngukorts af Heimaey árin 2006 og 2007. Hugmyndin er fengin frá göngukorti af Hafnarfirði og fleiri sveitarfélögum en útfærslan er nokkuð öðruvísi hér. Fyrsta kortið var gert árið 2004 og var umsjón fyrst í höndum Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja en nú hefur Upplýsingamiðstöð ferðamála tekið við umjóninni.



Auðunn Herjólfsson í Bládrangi við Geldung.

Ráðstefna um lundastofninn í Vestmannaeyjum

Náttúrustofan og Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum stóðu fyrir ráðstefnu um lundastofninn í Vestmannaeyjum 11. apríl 2007. Fjöldi áhugaverðra erinda voru flutt af fræðimönnum en einnig voru tvö erindi frá fulltrúum veiðifélaganna í Vestmannaeyjum. Það voru þeir Hávarður Birgir Sigurðsson, sem fjallaði um lundaveiði í Elliðaey frá fornu fari, og Sigursteinn Bjarni Leifsson sem var með ítarlegar upplýsingar um lundaveiði í Álsey.

Heimasíða: www.nattsud.is

Stöðugt er verið að setja fróðleik og fréttir af starfinu inn á heimasíðu Náttúrustofunnar. Þegar eitthvað sérstaklega markvert er að gerast hjá stofunni eru


upplýsingar líka sendar á fréttamiðla Suðurlands og einnig kemur fyrir að staðarblöðin leiti sér upplýsinga á síðunni. Heimasiðan hefur þannig verið öflugur liður í því að kynna starfsemi Náttúrustofunnar.

Gestafyrirlesarar.

Ester Rut Unnsteinsdóttir doktorsnemi í líffræði við Háskóla Íslands hélt þann 27. janúar 2006 erindið: Stofnvistfræði hagamúsa (*Apodemus sylvaticus*) á Kjalarnesi.

Dr. Hjalti Jóhannes Guðmundsson, landfræðingur, framkvæmdastjóri Stefnumótunar og þróunar hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, hélt þann 8. mars 2006 erindið: Umhverfismál í sveitarfélögum.

Sigríður Kristinsdóttir, meistaranemi í líffræði og starfsmaður Náttúrustofu Reykjanes hélt erindi um Þjóðgarða í sjó í apríl 2006.



Dr. Hjalti J. Guðmundsson að flytja erindi um umhverfismál í sveitarfélögum.

Styrkir

Náttúrustofan fékk styrk frá Tækjasjóði Rannís til kaupa á bergfræðismásjá á árinu 2007. Sótt var um styrki til Rannís vegna tveggja Rannsóknaverkefna 2006 og 2007. Hvorugt verkefnið fékk styrk þó annað hefði fengið mjög góða umsögn. Enn á ný var sótt um styrki til Rannís fyrir árið 2008 og þegar þetta er skrifað er ljóst að styrkir fengust bæði úr Rannsóknasjóði og tækjasjóði fyrir árið 2008.

Sótt var um styrki til Fjárlaganefndar Alþingis bæði fyrir árin 2006 og 2007 og fengust 5 milljónir 2006 og 7 milljónir 2007.

Greinar

Ingvar Atli Sigurðsson 2007. Náttúrustofa Suðurlands. *Náttúrufræðingurinn* 75: 135-136.

Sobolev A.V, Hofmann A.W, Kuzmin D.V , Yaxley G.M , Arndt N.T , Chung S.L, Danyushevsky L.V, Elliott T, Frey F.A , Garcia M.O , Gurenko A.A , Kamenetsky V.S , Kerr A.C, Krivolutskaya N.A, Matvienkov V.V, Nikogosian I.K, Rocholl A, **Sigurðsson I.A**, Sushchevskaya N.M, Teklay M. 2007. The amount of recycled crust in sources of mantle-derived melts. *Science* 316, 412-417.

Yann Kolbeinsson 2006. Mega Norden: Ännu ett amerikanskt party på Island. *Roadrunner* 14 (1/2006): 56-57.

Yann Kolbeinsson 2006. Grænskrikja finnst á Íslandi. *Bliki* 27: 69-71.

Yann Kolbeinsson 2006. Annáll flækingsfugla 2005. *Fuglar* 3: 18-21.

Yann Kolbeinsson 2007. Mega Norden: Få rariteter på Island under 2006. *Roadrunner* 15 (1/2007): 52-53.

Yann Kolbeinsson, Björn G. Arnarson & Jóhann Óli Hilmarsson 2006. Tveir nýir greipar berast til Íslands og Evrópu. *Bliki* 27: 63-67.

Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2006. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2003. *Bliki* 26: 27-50.

Yann Kolbeinsson, Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson 2007. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2004. *Bliki* 28: 25-50.

Ýmis erindi og veggspjöld

Erpur S. Hansen 2007. Sjófuglarannsóknir í Vestmannaeyjum. Erindi flutt á Safnanótt í Náttúrugripasafni Vestmannaeyja 10. nóvember.

Erpur S. Hansen 2007. Sjófuglarannsóknir í Vestmannaeyjum. Erindi flutt á Náttúrustofuþingi í Bolungarvík, 21. nóvember.

Erpur S. Hansen 2007. Lágmarks fæðugjafatíðni íslenskra sjófugla – hungurmörk foreldraumhyggju. Fjarfundarfyrirlestur í Fræðsluerindaröð Samtaka Náttúrustofa. 29. nóvember.

Erpur S. Hansen og Arnþór Garðarsson 2007. Stofnstærð lunda í Vestmannaeyjum. Erindi flutt á „Ráðstefnu um lundastofninn í Vestmannaeyjum” haldinni af Rannsókn og Fræðasetri Vestmannaeyja, Háskóla Íslands og Náttúrustofu Suðurlands, apríl 2007.

Freydís Vigfúsdóttir, **Yann Kolbeinsson** & Jónas P. Jónasson 2007. Puffin Catch Records in Iceland: Do They Reflect Past Population Fluctuations? Veggspjald á Waterbirds Society Meeting, Barcelona 30. okt – 3. nóv 2007.

Gunnar Þór Hallgrímsson, **Yann Kolbeinsson**, Jame Resano & Snæbjörn Pálsson 2007. Sex determination of Leach's Storm-petrels using morphometric characters. Veggspjald sem hlaut „Student Poster Awards“ á Waterbirds Society Meeting, Barcelona 30. okt – 3. nóv 2007.

Ingvar A. Sigurðsson 2006. The Vestmannaeyjar volcanic system. Erindi flutt hjá Geological Society of Australia í Háskólanum í Tasmaníu. Hobart 7. september.

Ingvar A. Sigurðsson 2006. Tvö erindi um leiðangra til Suðurskautslandsins 1990-1991 og 1995-1996. Salur Oddfellow, 26. september og 11. október.

Ingvar A. Sigurðsson, Sveinn P. Jakobsson og Robert A. Duncan 2007. Nýjar aldursgreiningar á bergi frá Heimaey. Vorráðstefna 2007. Ágrip erinda og veggspjalda. Jarðfræðafélag Íslands. 19-20.

Ólafur K. Nielsen og **Yann Kolbeinsson**. Myndasýning: „In God we trust“. Af ferð 6 íslenskra fuglaskoðara til Kenya á vegum fuglaverndarfélagins. Reykjavík 11. apríl 2006.

Sigurðsson I.A. and Jakobsson S.P. Evolution of the Vestmannaeyjar volcanic system. GEOCHIMICA ET COSMOCHIMICA ACTA 70 (18): A590-A590 Suppl. S AUG-SEP 2006.

Yann Kolbeinsson. „Íslenskir fuglar, flækingsfuglar og fuglaskoðarar“. Erindi fyrir Duch Birding Association. Utrech, Hollandi, 4. febrúar 2006.

Yann Kolbeinsson. Um þórs- og óðinshananannsóknir á Suðurlandi. Erindi flutt á þingi Samtaka náttúrustofa (SNS), Bakkaflöt í Skagafirði 30. september 2006.

Yann Kolbeinsson. The wonders of the black sands. Erindi flutt á Scottish Ringers Conference, Braemar í Skotlandi 18. nóvember 2006.

Yann Kolbeinsson & Arnþór Garðarsson. Afkoma og búsvæðaval þórshana *Phalaropus fulicarius* og óðinshana *Ph. lobatus*. Veggspjald á Raunvísindapíngi, Reykjavík 3.-4. mars 2006.

Skýrslur

Erpur S. Hansen 2007. Drög að sjófuglavöktun í Vestmannaeyjum. 20. nóvember, 3 bls. Náttúrustofa Suðurlands.

Dóra Guðrún Þórarinsdóttir 2006. Áhrif veðurs á viðveru langvíu (*Uria aalge*) í bjargi. Skýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsmanna. 18 bls.

Prófitgerðir sem Náttúrustofan styrkti

Sigurveig Árnadóttir 2006. Efnagreiningar á bergi úr efri hluta borholu HH-08, Vestmannaeyjum. B.S. ritgerð. Háskóli Íslands, 30 bls.

Steinþór Nielsson 2006. Efnagreiningar á borsvarfi úr neðri hluta holu HH-08 á Heimaey. B.S. ritgerð. Háskóli Íslands, 31 bls.